

Héraðsdómur Vesturlands



D Ó M U R

22. desember 2025

Mál nr. S-163/2025

Lögrelustjórinn á Vesturlandi
(*Emil Sigurðsson aðstoðarsaksóknari*)

gegn

X
(*Eva Dís Pálmadóttir lögmaður, verjandi ákærða*)

Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómari

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 22. desember 2025

I. Málsmeðferð, ákæruskjal og dómkröfur aðila

1. Mál þetta er höfðað með ákæru Lögreglustjórans á Vesturlandi, útgefinni 8. maí 2025, á hendur [X...], kt.,,

2. Í ákæruskjali segir að málið sé höfðað gegn ákærða:

„... fyrir líkamsárás [aðfaranótt] sunnudagsins ..., við veitingastaðinn ..., við [...] á ..., með því að hafa slegið [A...], kt. ..., í andlitið með þeim afleiðingum að [A...] hlaut brot í miðhluta nefbeins, sprungur í nasavængjum beggja vegna og aflögun á nefi til vinstri. Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með síðari breytingum.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.“

3. Þá er í ákæruskjali tekin upp einkaréttarkrafa með svofelldum hætti:

„Einkaréttarkrafa

Af hálfu [A...], kt. ..., er krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða honum skaða- og miskabætur samtals að fjárhæð 2.143.873 kr., með vöxtum skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 19.12.2023 til 13.04.2025, en síðan með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu auk virðisaukaskatts.“

4. Ákæruvaldið ítrekar kröfur samkvæmt ákæru og krefst fangelsisdóms en fellst á að skilyrði geti verið til að refsing ákærða verði skilorðsbundin. Verjandi krefst þess aðallega að ákærði verði sýknaður af kröfum ákæruvaldsins en til vara að honum verði ekki gerð refsing og til þrautavara að honum verði gerð vægasta refsing er lög leyfa. Verjandi krefst málsvarnarlauna sér til handa, sem greiðist úr ríkissjóði, og að sakarkostnaður verði felldur til ríkissjóðs aðallega að öllu leyti en til vara að hluta. Lögmaður bótakrefjanda ítrekaði kröfur samkvæmt framlögðu kröfuskjali. Ákærði krefst þess að bótakröfu verði vísað frá dómi. til vara að ákærði verði sýknaður af henni en til þrautavara að bætur verði lækkaðar verulega frá kröfugerð.

5. Aðalmeðferð málsins fór fram 1. desember 2025 með skýrslutökum af ákærða og vitnum. Að loknum munnlegum málflutningi var málið dómtekið.

II. Málsatvik

6. Fram kemur í frumskýrslu lögreglu að aðfaranótt sunnudagsins ... hafi lögreglumenn verið við almennt eftirlit á Akranesi þegar þeir urðu varir við slagsmál fyrir utan veitingastaðinn Þegar þeir komu á vettvang hittu þeir fyrir brotaþola sem var blóðugur í andliti en brotaþoli kvað ákærða hafa kýlt sig í andlitið. Sagðist brotaþoli hafa verið að sækja systur sína á veitingastaðinn og þá hafi ákærði og vitnið [B...] kallað sig aumingja. Brotaþoli hafi spurt þá hvað þeir hefðu sagt og þeir ítrekað ummæli sín um hann. Kvaðst brotaþoli þá hafa hellt bjór yfir ákærða sem hafi í framhaldinu kýlt hann í andlitið með fyrrgreindum afleiðingum.

7. Á vettvangi ræddu lögreglumenn við ákærða sem kvað að brotaþoli hefði hellt yfir sig bjór og kýlt sig tvisvar og ákærði þá svarað í sömu mynt og kýlt brotaþola í andlitið. Lögreglumenn ræddu einnig við vitnið [B...] sem sagði að hann og ákærði hefðu verið að ræða við stelpur og bjóða þeim heim í bjór þegar brotaþoli hafi komið og sagt að hann treysti ekki ákærða og vitninu og skvett bjór yfir ákærða. Kvað vitnið að brotaþoli hefði verið fyrri til að kýla ákærða. Loks var rætt við vitnið [D...] sem kvað brotaþola hafa hellt bjór yfir ákærða og þá hafi ákærði kýlt brotaþola í andlitið. Í framhaldi hafi brotaþoli kýlt ákærða tvisvar sinnum og tekið vitnið [B...] háls-taki. Fram kemur í frumskýrslu að [E...] og [F...] hafi komið á lögreglustöðina og sagst hafa orðið vitni að atvikinu. [E...] hafi sagt að brotaþoli hefði orðið full því ákærði og vitnið [B...] hafi verið að reyna við kærustu brotaþola sem hafi í framhaldi hellt bjór yfir ákærða. [E...] kvað þær hafa verið að reyna að stoppa slagsmálin en brotaþoli hafi ekki kýlt neinn.

8. Brotaþoli leitaði á Sjúkrahúsið á Akranesi í kjölfar umrædds atviks þar sem læknir skoðaði áverkana. Í áverkavottorði sem [G...], sérnámsgrunnlæknir, vann upp úr sjúkraskrá brotaþola, kemur fram að brotaþoli hafi komið í fylgd lögreglu en getað gengið sjálfur inn á slysamóttöku. Hann hafi fengið högg í andlitið, ekki misst meðvitund en mikið blætt í kjölfarið. Brotaþoli hafi verið undir áhrifum áfengis en gefið skýra og góða sögu. Hann hafi verið með skurð efst á nefi og aflögun inni á nefi vinstra megin. Ekki hafi verið sjáanlegt mar inni í nefholi en hann átt erfðara með öndun á vinstri nös. Tölvusneiðmynd af andlitsbeinum hafi sýnt að ekki hafði blætt innan höfuðkúpu og hún verið óbrotin. Brot hafi verið í gegnum miðhluta nefbeins og sprungur á nasavængjum beggja vegna og nef vísi örlítið til vinstri. Þá hafi verið bólga í kinnholum beggja vegna óháð áverka. Brotaþoli hafi í framhaldinu fengið tíma hjá háls-, nef- og eyrnalækni í frekari skoðun og svo rétta mætti nefbrotið.

9. Í málinu liggur einnig fyrir vottorð [H...] heimislæknis, dagsett ..., er lýtur að áverkum á ákærða. Fram kemur í vottorðinu að ákærði kveðist hafa verið kýldur tvisvar sinnum við hægra auga aðfaranótt Honum finnist vont að kyngja og eigi erfitt með að opna munninn. Finni fyrir

þrýstingsverk. Sjónin sé fín og ekki hafi orðið breyting þar á. Við högginn hafi hann ekki fengið blóðnasir og ekki fundið fyrir blóðbragði í munni en blóð hafi verið í munnvatni. Skoðun hafi leitt í ljós bólgu yfir hægra kinnbeini og mar á hægra augnloki sem sé bláleitt og ferskt. Þreifeymsli yfir hægra kinnbeini, ekki áberandi þreifeymsli þegar þreifað sé yfir kjálkalið eða kjálka. Blæðing í hægra auga, ekki blóð í framhólfi og eðlileg hreyfigeta og ljósörvun. Sjáist blóð aftur í koki en ekki hægt að sjá blæðingarstað í munni. Þá séu ekki þreifeymsli yfir nefi og ekki sjáist blóð í nefi.

III. Skýrslur fyrir dómi

10. Ákærði, [X...], gaf skýrslu fyrir dómi. Sagði hann svo frá að þetta kvöld hefðu hann og vinur hans verið að skemmta sér á skemmtistaðnum ... á Þeir hafi verið að tala við tvær stelpur og búnir að bjóða þeim að koma heim til annars þeirra í drykk. Þær hafi þegið boðið en eftir að hafa rætt við brotapolu hætt við og ákveðið af fara frekar með brotapolu. Á þeim tíma hafi ákærði ekki vitað hver tengsl stelpnanna væru við brotapolu. Ákærði hafi þá sagt eitthvað á þá leið *ætlíð þið að fara með þessum aumingja?* Í kjölfarið hafi ákærði og brotapoli byrjað að rífast sem endað hafi með því að brotapoli skvetti drykk í ákærða og kýldi hann tvisvar í andlitið. Við það kvaðst ákærði hafa svarað í sömu mynt. Aðspurður hvar hann hefði slegið brotapolu kvaðst ákærði hafa slegið hann í andlitið. Eftir það hefði lögreglan komið og skakkað leikinn. Spurður nánar út í atvikið sagði ákærði að brotapoli hefði skvett á sig bjór og kýlt sig, ákærði hefði beygt sig og svo fengið annað högg á sama stað. Af þessum höggum hafi hann hlotið áverka, bólgu í andliti og blæðingu í auga og þurft að leita til læknis. Hann hafi verið um tvær til þrjár vikur að jafna sig en hafi náð sér að fullu. Spurður um það hverjir hafi verið á staðnum þegar atvikið átti sér stað sagði ákærði að þar hefðu verið, auk hans og brotapolu, vitnið [B...], vinur hans, og [D...], mágur brotapolu. Það hafi þó aðeins verið hann og brotapoli sem hafi átt í átökum þótt brotapoli haldi öðru fram. Aðspurður hvort hann hafi fengið högg frá einhverjum öðrum svaraði ákærði því neitandi. Þá neitaði hann fyrir að hafa haldið höndunum á brotapolu líkt og brotapoli haldi fram.

11. Brotapoli, [A...], gaf skýrslu fyrir dómi. Lýsti hann aðdragandanum þannig að hann hafi verið að fagna afmæli [E...], systur sinnar, með henni, [F...], kærustu sinni, [D...], mági sínum, og [F...], vinkonu systur hans, og þau ákveðið að fara á ... á Þegar þau hafi komið á staðinn hafi allir farið á barinn nema kærasta hans sem settist við borð inni á staðnum. Þegar hann hafi komið að borðinu hafi ákærði setið hjá kærustu hans að tala við hana og haldið handleggnum utan um hana. Brotapoli hafi ekki velt sér mikið upp úr því, hann hafi talið það í góðu enda þekkti hann til ákærða því þeir höfðu verið saman í framhaldsskóla. Kærasta hans hafi svo tjáð honum að ákærði hefði verið *eitthvað óþægilegur* við hana. Þegar skemmtistaðnum var lokað hafi þau farið út og ákærði og vinur hans farið að ræða um eftirpartý sem þeir hafi ætlað að halda. Brotapola, kærustu

hans og mág hafi langað að fara heim en systir brotþola og vinkona hennar hafi verið spenntar fyrir því að fara í party. Brotþola og mági hans hafi ekki litist á þær fyrirætlanir þeirra og því reynt að tala systur hans og vinkonu hennar ofan af því að fara. Það hafi gengið eftir en þegar systir hans hafi labbað til þeirra aftur hafi ákærði sagt *ætlið þið virkilega að fara með þessum aumingja?* Þetta hafi verið dropinn sem fyllti mælinn eftir framkomu ákærða við kærustu hans um kvöldið og brotþoli hafi snúið sér við og skvett á ákærða bjór. Ákærði hafi við það gripið í hann og högginn *byrjað að fljúga*. Brotþoli hafi reynt að losa sig með því að slá í hendur ákærða en á meðan hafi hann fengið högg í andlitið. Þegar ákærði hafi sleppt brotþola hafi brotþoli fundið fyrir miklum sviða í höfðinu og gripið um andlit sitt. Kærasta hans hafi þá komið þar aðvífandi en [B...] ætlað að ráðast á sig og ýtt kærustu hans frá en [B...] hafi svo verið snúinn niður og því ekki komið til frekari átaka milli þeirra. Aðspurður hvernig ákærði hafi haldið höndum brotþola lýsti hann því með handahreyfingu að ákærði hefði haldið báðum höndum hans. Spurður hvort ákærði hefði haldið báðum höndum hans með báðum sínum höndum kvaðst brotþoli ekki vera viss, það væri óljóst og hann muni það ekki alveg. Hann muni þó að hann sjálfur var að slá með hægri og um leið fá högg á vinstri hlið. Brotþoli var þá spurður hvort hann telji að ákærði hafi slegið sig. Kvað hann það mjög óljóst. Hann hafi alltaf talið að [B...] hafi verið sá sem veitti honum högginn því þau hafi komið úr þeirri átt þar sem hann stóð. Það sé hins vegar erfitt að sjá í svona miklu návígi hvaðan högginn koma. Hann hafi að minnsta kosti verið að fá ítrekuð högg í höfuðið á meðan annað hvort ákærði eða [B...] hélt honum föstum. Spurður hvort ákærði hafi getað haldið honum eins og hann lýsir og veitt honum högginn um leið kvað brotþoli það vera möguleika. Ákærði sé sterkur og stærri maður en hann sjálfur sem á þessum tíma hafi verið um 65 kílógrömm. Aðspurður hvort hann hefði kýlt annað hvort ákærða eða vitnið [B...] sagði brotþoli að hann hefði aðeins slegið í hendurnar á ákærða til að reyna að losa sig úr greipum hans. Framburður brotþola hjá lögreglu, mánuði eftir umrætt atvik, var borinn undir hann og hvort sá framburður væri ekki í andstöðu við framburð hans nú fyrir dómi. Hjá lögreglu hafi hann sagt að ákærði hafi gripið sig með báðum höndum svo hann gat ekki hreyft sig en síðan hafi hann fundið fyrir fjórum höggum sem komu frá hlið í höfuð hans. Brotþoli hafi sagst muna eftir því að ákærði hélt honum en hafi ekki slegið hann og það sé í raun ekki rétt sem ákærði haldi fram, að hann hafi nefbrotið sig, heldur hafi högginn komið úr þeirri átt þar sem vitnið [B...] stóð. Svaraði brotþoli því til að framburður hans í dag miðist við það hver sé ákærður í málinu. Hann viti ekki hvaðan högginn hafi komið, hvort þau hafi komið frá ákærða eða vitninu [B...] eða þeim báðum. Hann hafi bara ekki séð högginn koma en kveðst hafa heyrt af því sögur að ákærði í málinu hafi montað sig af því við vini sína að hafa nefbrotið brotþola. Í skýrslutöku hjá lögreglu hafi hann verið viss um að ákærði hefði ekki veitt sér högginn en svo hafi hann heyrt annað og það sem hann upplifi sé ekki endilega það sem gerðist í raun. Brotþoli var spurður um ósamræmi varðandi óvinnufærni milli vottorðs sem liggur frammi í málinu og bótakröfu. Sagði brotþoli

það stafa af því að eftir að hann bað um vottorðið hafi hann þurft að leita aftur á sjúkrahús því hann hafi verið með óstöðvandi blóðnasir sem rekja megi til atviksins. Við það hafi hann misst mikið blóð og verið við það að blæða út. Spurður hvort hann hafi almennt verið mikið frá vinnu og hvers vegna hann ætti ekki meiri veikindarétt hjá vinnuveitanda sagði brotápoli að hann muni ekki til þess að hafa verið mikið frá vinnu, en hann hefði bara sætt sig við þá daga sem hann hefði fengið í veikindarétt og ekki vitað það fyrr en seinna að hann hefði getað sótt um sjúkradagpeninga til síns stéttarfélags.

12. Vitnið [B...] gaf skýrslu fyrir dómi. Kvaðst hann hafa verið með ákærða að skemmta sér á ... á Þeir hafi verið að spjalla við einhverjar stelpur og þegar loka átti staðnum hafi þeir boðið þeim að koma með sér í party. Þá hafi brotápoli komið og verið mjög ósáttur við að þeir væru að fara heim með annarri hvorri stelpunni og hann hafi fljótt orðið *brjáláður* og sagst ekki treysta ákærða af því að hann þekkti hann ekki. Vitnið hafi reynt að róa brotápolana niður en svo ákveðið að draga sig úr aðstæðum. Þegar vitnið hafi svo ætlað að tala við ákærða hafi brotápoli *brjálást* og skvett bjór framan í ákærða og kýlt hann í andlitið. Þá hafi vitnið [D...], mágur brotápolana, komið og vitnið [B...] þá gripið í hann til að reyna að róa ástandið niður. Hvorugur þeirra hafi kýlt hinn en þessu hafi öllu verið lokið á skammri stundu. Aðspurður hvort vitnið hafi séð brotápolana skvetta bjór á ákærða svaraði vitnið því játandi, hann hefði staðið við hlið ákærða og einnig fengið smá bjór á sig. Aðspurður hvort vitnið hafi séð brotápolana kýla ákærða í andlitið og ef svo er, hve oft, sagði vitnið að hann hafi séð brotápolana kýla ákærða einu sinni í andlitið. Um það sé hann viss og höggið hafi komið við vinstra auga ákærða. Hvort vitnið hafi séð einhvern annan veita ákærða högg svaraði vitnið því neitandi. Vitnið kvaðst aðspurður ekki hafa séð ákærða veita brotápolana högg.

13. Vitnið [E...] gaf skýrslu fyrir dómi. Kvaðst hún hafa verið að halda upp á afmælið sitt með brotápolana sem sé bróðir hennar, kærustu hans, mági sínum og [F...], vinkonu sinni. [F...] hafi aðeins kannast við ákærða sem hafi verið upphafið að samtali þeirra á milli þetta kvöld. Ákærði hafi verið að reyna við kærustu brotápolana og það hafi truflað fólk. Þegar þau hafi verið á heimleið hafi talið borist að *eftirparty*. [F...] hafi vantað tannbursta og ákærði og vinur hans sagst eiga einn hjá sér. Þær hafi verið velkomnar í eftirpartyið en aðeins þær. Á endanum hafi þær ákveðið að fara frekar með hópnum sem þær komu með og þá hafi annað hvort ákærði eða vinur hans sagt *ætilið þið í alvöru að fara með þessum aumingjum?* Brotápoli hafi í kjölfarið skvett bjór á ákærða og úr því hafi farið af stað áflog. Vitnið hafi séð að brotápoli fékk högg en geri sér ekki grein fyrir því hver hafi veitt honum höggið, hvað þá núna svona löngu seinna. Þá sé minni hennar nokkuð glöppótt þessa nótt sökum áfengisneyslu og hún muni ekki alveg hvað hún sagði á lögreglustöðinni um nóttina. Nefbrotið hafi hins vegar haft miklar afleiðingar fyrir brotápolana

og fjölskylduna og hún þurft að leita með brotaþola á bráðamóttöku viku seinna vegna mikillar blæðingar úr nefi, en brotaþoli hafi misst um þrjá lítra af blóði. Aðspurð hvort brotaþoli hafi átt það til að fá miklar blóðnasir fyrir þetta atvik sagði vitnið að hann hafi verið gjarnari að fá blóðnasir en hún sem barn en það sé auðvitað mismunandi eftir aðilum.

14. Vitnið [F...] gaf símaskýrslu. Vitnið kvaðst ekki muna atvik þessa nótt nægilega vel til að geta lýst því fyrir dómi en sagðist muna að hún hafi lýst atvikum eins og þau gerðust þegar hún fór á lögreglustöðina nóttina sem þetta gerðist. Hún hafi ekki farið í skýrslutöku hjá lögreglu seinna til að lýsa atvikum og vísi því í skýrsluna sem hún gaf um nóttina.

15. Vitnið [I...] gaf skýrslu fyrir dómi. Lýsti hún aðdragandanum á svipaðan hátt og brotaþoli sem er maki hennar. Hún hafi komið með áðurnefndum hópi af fólki á ... og sest við borð á meðan aðrir í hópnum fóru á barinn. Á næsta borði hafi verið strákur sem hafi verið með *óþægilega stemmningu og óþægilegur* við hana. Þeim hafi svo verið boðið í partý en hafi ekki viljað fara þangað. Þegar hún er að ganga í burtu með vitninu [J...] hafi hann sagt henni að snúa sér ekki við, sem hún þó gerir, og sér þá brotaþola halda fyrir andlit sitt og einn annar liggur í jörðinni. Hún hafi hlaupið að brotaþola og það hafi orðið uppi fótur og fit þarna og svo hafi lögreglan komið á staðinn. Hún hafi því ekki séð nákvæmlega hvernig atburðarásin átti sér stað og ekki séð hver veitti hverjum högg.

16. Vitnið [D...] gaf skýrslu fyrir dómi og lýsti aðdraganda áfloganna á sambærilegan hátt og brotaþoli. Ákærði hafi verið að gera sér dælt við kærustu brotaþola og vitnið beðið hann að hætta því sem hann hafi gert. Ákærði og vinur hans hafi svo verið að atast eitthvað í hópnum og buðu svo öllum nema vitninu og brotaþola í eftirpartý. Vitninu og brotaþola hafi ekkert litist á að stelpurnar færu með ákærða og vini hans og því talað þær ofan af því. Vitnið hafi svo verið að ræða við vitnið [J...] sem segir honum að verið sé að ganga í skrokk á brotaþola. Vitnið hafi hlaupið af stað og séð ákærða halda brotaþola með báðum höndum og svo hafi hann séð brotaþola fá högg en vitnið kvaðst ekki hafa séð hvaðan. Vitnið hafi þá skorist í leikinn. Aðspurður hvort hann haldi að ákærði hefði getað veitt brotaþola högg á meðan hann hélt honum sagðist hann ekki vita það. Þegar hann hafi komið á staðinn hafi hann kannski ekki getað það en ekki sé víst að það hafi alltaf verið þannig. Telji hann að vitnið [J...] sé betur til þess fallinn að svara því en hann haldi þó að hann sé vinur ákærða. Aðspurður hvort hann hafi sjálfur kýlt einhvern svaraði vitnið því, eftir að dómari benti vitninu á að hann þyrfti ekki að tjá sig um eitthvað sem gæti varpað á hann sök, að hann hafi kýlt ákærða í andlitið.

17. Vitnið [K...] læknir gaf símaskýrslu fyrir dómi. Vitnið staðfesti að hún hefði tekið á móti brotaþola þegar hann kom í fylgd lögreglu um nóttina. Hann hafi lýst atvikum fyrir henni, hún skoðað hann og sú skoðun leitt í ljós aflögun á nefi, skurð og þá var komin einhver bunga í andlit. Ákveðið var að skoða brotaþola nánar næsta dag. Aðspurð hvort skoðun hennar hafi aðeins verið bundin við höfuð brotaþola svaraði vitnið því játandi.

18. [G...] læknir gaf símaskýrslu fyrir dómi. Kvað hún aðkomu sína að þessu máli vera þá að hún hafi tekið við vaktinni morguninn eftir og þá hafi verið tekin tölvusneiðmynd af brotaþola. Hún hafi fylgt niðurstöðum úr myndatökunni eftir og haft samband við háls-, nef- og eyrnalækni í Reykjavík. Áverkavottorðið í málinu sé unnið af henni og læknum sem tók á móti brotaþola um nóttina. Vitnið hafi sjálf ekki skoðað brotaþola.

19. Vitnið [K...] læknir gaf símaskýrslu fyrir dómi og staðfesti að framlagt vottorð í málinu stafi frá henni og sé byggt á skoðun hennar á ákærða það skipti.

20. Vitnið [J...] gaf símaskýrslu. Kvaðst hann ekkert muna eftir atvikinu, hafi staðið aðeins frá þeim stað þar sem átökin áttu sér stað en hann hafi ekki orðið vitni að átökunum með berum augum eða séð hver veitti hverjum högg.

21. Lögreglumaður nr. H1594 sem skrifaði frumskýrslu í málinu gaf skýrslu fyrir dómi. Rakti hann skýrsluna í grófum dráttum en ekki þykir ástæða til að rekja hans framburð.

IV. Niðurstaða

22. Ákærða er gefið að sök hegningarlaga brot með því að hafa slegið brotaþola í andlitið með þeim afleiðingum að brotaþoli hlaut brot í miðhluta nefbeins, sprungur í nasavængjum beggja vegna og aflögun á nefi til vinstri. Þessi háttsemi er talin varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

23. Ákærði hefur neitað sakargiftum eins og þeim er lýst í ákæruskjali en hefur fyrir dómi játað að hafa veitt brotaþola högg í andlitið. Vörn ákærða byggir á þremur meginstöðum, í fyrsta lagi að sekt hans sé ekki hafin yfir skynsamlegan vafa, í öðru lagi að háttsemin hafi verið réttlæt看leg sem neyðarvörn og í þriðja lagi að athafnir ákærða feli allavega í sér aðstæður sem geti réttlætt niðurfellingu refsingar eða að minnsta kosti lækun hennar.

24. Framburði fyrir dómi er lýst ítarlega hér að framan. Samkvæmt honum er ekkert vitni að þeirri líkamsárás sem lýst er í ákæru málsins. Vitnin [F...], [F...] og [B...] sáu engin högg frá

ákærða, [E...] sá brotþola fá á sig högg en sá ekki frá hverjum og vitnið [D...] sá brotþola einnig fá högg en ekki frá hverjum og gat ekki sagt að ákærði hefði veitt brotþola högg.

25. Eftir stendur því framburður brotþola og ákærða. Hægt er að slá því föstu að átök urðu milli ákærða og brotþola og að raunveruleg átök, þ.e. að slepptum orðaskiptum þeirra í milli, hafi hafist með því að brotþoli skvetti bjór yfir ákærða og þeim í kjölfarið lent saman. Ákærði hefur gengist við því að hafa veitt brotþola tvö högg í andlit en byggt er á því að hvorugt þeirra hafi verið til þess fallið að valda þeim áverkum sem lýst er í ákæru. Framburður brotþola styður það og má reyndar draga þá ályktun af framburði brotþola að hann telji ákærða ekki hafa gerst sekan um þá árás sem lýst er í ákæruskjali. Hann lýsir því ítrekað að ákærði hafi haldið báðum höndum hans föstum, og lýsti því með látbragði fyrir dómi og í skýrslu hjá lögreglu, og að þá hafi hann fengið að því er virðist úr annarri átt höggið afdrifaríka. Lítið samræmi virðist milli þess að ákærði hafi haldið höndum brotþola föstum með báðum höndum og á sama tíma getað veitt brotþola þau högg eða það högg sem ákært er vegna. Fyrir lögreglu lýsti brotþoli því að ákærði hefði haldið báðum höndum hans þannig að hann gat ekki hreyft sig og hann þá verið kýldur að minnsta kosti fjórum höggum í andlit og hnacka. Ákærði hafi ekki veitt þau högg; þau hafi komið annars staðar frá, að þessu sögðu segir ákærði hjá lögreglu: *síðan er [X...] greinilega að segja að hann hafi nefbrotið mig en það er bara greinilega ekki rétt.* Framburður vitnisins [D...] hjá lögreglu var á sama veg sem taldi högginn hafa komið frá öðrum en ákærða sem hafi haldið í brotþola. Ómögulegt er að skilja framburð brotþola fyrir dómi og fyrir lögreglu á þann veg að hann telji ákærða hafa valdið nefbrotinu, heldur þvert á móti að hann telji þá áverka stafa af höggi frá öðrum en ákærða.

26. Með vísan til framangreinds og annarra gagna málsins telur dómurinn, með vísan til þeirra krafna sem gerðar eru í 108., sbr. 109., gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, ekki komna fram sönnun þess svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá líkamsárás sem lýst er í ákæruskjali, þ.e. um að hafa slegið brotþola í andlit og nefbrotið hann. Ekki er útilokað að brotþoli hafi nefbrotnað vegna atlögu ákærða í átökum þeirra og taldi ákærði sjálfur það mögulegt þegar hann gaf skýrslu fyrir lögreglu. Á hinn bóginn verður hann ekki sakfelldur fyrir alvarlega líkamsárás samkvæmt 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 gegn neitun fyrir dómi þar sem engum öðrum sönnunargögnum er til að dreifa um þá háttsemi sem ákært er fyrir heldur í raun gögn sem styðja hið gagnstæða.

27. Ákærði hefur hins vegar játað að hafa slegið brotþola tvívegis í andlit í átökum þeirra og fær sú játning stoð í öðrum gögnum málsins. Hins vegar er ósannað að brotþoli hafi hlotið áverka vegna þess. Á hinn bóginn hefur ákærða ekki tekist sönnun um að atlaga hans að brotþola

umrætt sinn hafi helgast af neyðarvörn og hafi því verið honum refsilaus af þeim sökum, en um það eru atriði einnig óljós, þ.e. þáttur ákærða og brotþola í átökunum og afskipti annarra af þeim. Verður ákærði því sakfelldur fyrir líkamsárás sem felld verður undir 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

V. Ákvörðun refsingar, bóta og sakarkostnaður

28. Ákærði hefur hreint sakavottorð. Við ákvörðun refsingar verður litið til þess að atvik málsins eru óljós og jafnframt er ósannað hvaða afleiðingar atлага ákærða hefur haft á brotþola, sbr. framangreint. Einnig þykir sannað að upphaf líkamlegra átaka, sem sannanlega urðu á milli ákærða og brotþola, megi rekja til þess er brotþoli skvetti yfir ákærða og veitist að honum. Þá hefur ákærði gengist við því sem þykir sannað í málinu. Með vísan til framangreinds og annarra gagna málsins telur dómurinn rétt að fresta ákvörðun refsingar og að hún falli niður haldi ákærði almennt skilorð í eitt ár, sbr. a-lið 1. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga og 2. og 3. mgr. ákvæðisins, auk þess sem vísað verður um refsíákvörðun til 3. mgr. 218. gr. c í lögnum.

29. Með hinni refsiverðu háttsemi hefur ákærði með ólögmætum og saknæmum hætti bakað sér skaðabótaábyrgð gagnvart brotþola. Brotþoli á rétt á miskabótum úr hendi ákærða á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. síðari breytingar. Ósannað er beint líkamstjón af verkinu en þó vafalaust að atлага ákærða að brotþola umrætt sinn var til þess fallin að valda brotþola miska. Miskabætur verða eins og hér stendur á ákveðnar að álitum og þykja hæfilegar með hliðsjón af dómvenju, 100.000 krónur, og verður ákærða gert að greiða brotþola þá fjárhæð með vöxtum, eins og nánar greinir í dómsorði þar sem upphafstími dráttarvaxta miðast við 20. júní 2025 en þá var liðinn mánuður frá þingfestingu málsins, en ekkert bendir til þess að ákærða hafi verið kynnt krafan fyrr en þá. Kröfu vegna læknisvottorða verður með vísan til framangreinds og niðurstöðu málsins hafnað.

30. Brotþoli gerir jafnframt kröfu um bætur vegna tapaðra launatekna. Þar er gerð krafa um laun vegna tapaðra launatekna í nóvember og desember ... og janúar Krafan byggir á yfirlýsingu frá, að því er virðist, forsvarsmanni vinnuveitanda brotþola og fylgir óstaðfest yfirlit með sundurliðun á kröfunni einstaka mánuði. Þessi gögn eru ófullnægjandi og eru jafnframt á skjön við gögn málsins um tímabundna óvinnufærni brotþola vegna málsins. Þá er engin grein gerð fyrir því hvort og þá hvernig brotþoli hafi leitast við að takmarka tjón sitt líkt og honum er skylt og engar upplýsingar þannig veittar um mögulega lögbundna frádráttarliði samkvæmt 2. mgr. 2. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þrátt fyrir framangreinda niðurstöðu um refsipátt málsins verður talið rétt að vísa þessum lið bótakröfunnar frá dómi vegna vanreifunar.

31. Með vísan til framangreinds verður ákærða gert að greiða hluta af kostnaði brotaþola við að hafa uppi bótakröfu í málinu, sbr. 3. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Þykir sá kostnaður hæfilega ákveðinn 150.000 krónur að teknu tilliti til virðisaukaskatts og verður ákærða gert að greiða brotaþola þá fjárhæð.

32. Með vísan til úrslita málsins og 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 verður ákærða gert að greiða 1/5 málsvarnarlauna skipaðs verjanda ákærða, Evu Dísar Pálmadóttur lögmans, en 4/5 hlutar skulu greiddir úr ríkissjóði. Heildarfjárhæð málsvarnarlauna verður ákveðin í samræmi við tímaskýrslu verjanda, umfang málsins og reglur dómstólasýslu nr. 1/2025, samtals 1.000.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Rétt þykir að ferðakostnaður verjanda samkvæmt framlögðum kvittunum verði, með vísan til úrslita málsins, að fullu greiddur úr ríkissjóði, sbr. dómsorð. Annan sakarkostnað leiddi ekki af málinu.

33. Emil Sigurðsson aðstoðarsaksóknari flutti málið fyrir dómi af hálfu ákæruvalds.

34. Dóm þennan kveður upp Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómari á Vesturlandi.

D Ó M S O R Ð

Ákvörðun refsingar ákærða, [X...], er frestað og skal hún falla niður að liðnu ári frá uppsögu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði brotaþola, [A...], 100.000 krónur í miskabætur auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 19. nóvember 2023 til 20. júní 2025 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Ákærði greiði brotaþola 150.000 krónur í málskostnað.

Kröfum brotaþola vegna launamissis er vísað frá dómi.

Ákærði greiði 1/5 af 1.000.000 króna málsvarnarlaunum skipaðs verjanda hans, Evu Dísar Pálmadóttur lögmans, en 4/5 málsvarnarlauna greiðist úr ríkissjóði. Þá greiðist úr ríkissjóði ferðakostnaður verjanda 59.125 krónur.

Lárentsínus Kristjánsson